

Þrif

- Mikilvægt er að innra rými flutningstækisins sé laust við öll óhreinindi og skít, einnig í kverkum og rifum.
- Síðan er innra rýmið þvegið með fituleysandi sápu og helst háþrýstipvottatæki.
- Eftir þvott á að úða Virkon S yfir alla fleti inni í flutningstækinu.
- Flutningstæki á einnig að vera hreint að utan við úttekt og æskilegt er að dekk séu úðuð með Virkon S.

Ekki er leyfilegt að hafa með hey eða hálm að heiman til að nota sem undirburð í flutningstæki, né fá slíkan undirburð á lambasölubænum.

Söluaðilar geta vísað þeim frá sem ekki hafa meðferðis úttektarstaðfestingu frá dýralækni, eða þeir telja að flutningstækið sé ekki nægilega hreint, þó að staðfesting fylgi.

Úttekt

Reglugerð nr. 550/2008 um flutning líflamba milli landsvæða hefur verið breytt á þann veg að nú geta allir starfandi dýralæknar vottað sóttþreinsun á flutningstækjum.

Dýralæknar taka eðlilega greitt fyrir slíkar staðfestingar samkvæmt sinni gjaldskrá.

Staðfestingu á þrifum flutningstækja má sækja hér:

<http://mast.is/matvaelastofnun/eydublod/?cat=Liflambaflutningar>